

Evfemíuljóðin í finnskri þýðingu Harrys Lönnroth

Harry Lönnroth, prófessor við Háskólann í Jyväskylä og sérfræðingur í fornsænsku máli og bókmenntum, er þekktur fyrir mörg grundvallarrit á sínu fræðasviði sem og öðrum sviðum, meðal annars þýðingarfræði. Á sviði skáldskapar hefur hann einbeitt sér að þýðingum úr fornsænsku yfir á finnsku. *Erikskrönikan* – sem hann þýddi ásamt Martti Linna – kom út árið 2013 og tíu árum seinna *Evfemíuljóðin* (*Eufemian laulut*) sem Wærelia-forlagið í Sastamala gaf út.

Með sænsku Evfemíuvisunum þremur í upphafi 14. aldar komu riddarasögur og Artúrsbókmenntir fram á sjónarsviðið á Norðurlöndum í bundnu máli og nú á sænsku. Bragarháttur frumsmíðanna er knittelbragur að þýskri fyrirmynd, þar sem hverjar tvær línur hafa sama endarím. Ljóðin eru alls um það bil 12.000 ljóðlínur. Bókin er ekki bara elsta heldur einnig eitt yfirgripsmesta rit sænskra miðaldabókmennta og fyllir finnska þýðingin 275 blaðsíður.

Evfemíuljóðunum má líkja við skáldskap frá svipuðum tíma og *La Chanson de Roland*, *Nibelungenlied*, *Parzival* eftir Eschenbach og *Canterbury Tales* eftir Chaucer. Þau eru riddaraþrileikur, þrír sjálfstæðir ljóðabálkar sem þýddir voru úr frönsku, lágbýsku og norrænu: *Ívan ljónsriddari*, *Friðrik hertogi af Normandí* og *Flóres saga og Blankijlúr*. *Ívan ljónsriddari* er lengsti textinn, næstum helmingur



bókarinnar, en *Friðrik hertogi* og *Flóres saga* og *Blankisflúr* fylla hvor sinn fjórðung. Nokkrum árum eftir *Eufemíuljóðin* birtist enn frægara verk, rímaði annállinn um Eirík Magnússon hertoga, *Erikskrönikan*, sem er undir brag- og stílfræðilegum áhrifum *Eufemíuljóða*.

Ívan ljónsriddari er þýðing á ljóðabálknum *Yvain ou le Chevalier au Lion* eftir Chrétien de Troyes frá síðasta fjórðungi 12. aldar. Hún er einnig byggð á *Ívens sögu*, norrænni prósaþýðingu á ljóðabálknum. Ívan er frændi Arthúrs og hugrakkur skjaldsveinn hans. Ívan leitar uppi dulmagnaða lind, drepur varðmann hennar og kvænist ekkju

hans, hinni óviðjafnanlegu Ládínu. Hann fer síðan í burtreiðar með konungi, en lofar að snúa aftur innan árs. Hann svíkur þó loford sitt og Ládína hafnar honum. Í sorg og reiði yfir höfnuninni verður Ívan vitstola, reikar nakinn um óbyggðir við sult og seyru þar til einsetumaður nokkur aumkar sig yfir hann. Vitfiringin er læknuð með töfrasmyrslu og aðrar raunir stenst hann með hjálp hringis sem gerir hann ósýnilegan. Með endurheimtu þreki heldur Ívan áfram að vinna riddaralegar hetjudáðir, meðal annars að bjarga ljóni frá því að verða dreka að bráð. Ljónið verður því tryggur félagi hans og verndari og af því fær hann viðurnefnið ljónsriddari. Með mörgum glæstum afrekum tekst honum loks að gera sig verðugan hylli Ládínu á ný.

Samtímamaður Arthúrs konungs er líka Friðrik hertogi sem, eins og Ívan, nær markmiðum sínum með töfrahring sem hann fékk að launum fyrir að hafa aðstoðað dvergkóng nokkurn við að bæla niður uppreisn. Hann bjargar skoskum kóngssyni og enskri prinsessu úr klóm jötuns nokkurs og leysir Flóríu, írsku konungsdóttur, úr haldi með hjálp hringisins. Þau lenda í skipbroti á flóttanum en lifa af og hann kvænist Flóríu og tekur við írsku konungsveldinu sem heimanmundi. Síðan stjórna þau ríkinu þar til dauðinn aðskilur þau. Í eftirmálanum er þess getið að sagan sé byggð á týndri þýskri þýðingu úr frönsku sem gerð var að fyrirskipun Ottós keisara Heilaga rómverska ríkisins, líklega Ottós IV.

Í ástarsögunni um múslímska (serkneska) prinsinn Flóres og kristnu ungfrúna Blankiflúr reynir Fenix konungur af Apolis, á landamærum Frakklands og Spánar, að koma í veg fyrir að sonur hans kvænist villutrúarkonu sem er auk þess af lægri stétt en hann. Hann kemur því síðan í kring að Blankiflúr er seld sem ambátt og lendir í kvennabúri Babýloníukonungs. Flóres tekst þó að losa hana úr prisundinni, einnig með hjálp töfrahringis í háskalegu einvígi. Síðan giftast þau, Flóres er skírður og þau Blankiflúr lifa eftir það trúræknu lífi í klaustri. Sagan, ólíkt hinum tveimur, gerist ekki innan sagnaheims Arthúrs konungs og er líklega af býsönskum uppruna, en barst til Svíþjóðar í gegnum franska ljóðabálkinn *Floire et Blancheflor* og styttri norræna prósaþýðingu hans, *Flóres saga ok Blankiflúr*. Sænski þýðandinn hefur hugsanlega stuðst við hvort tveggja, eins og hann gerði í tilfelli *Ívans ljónsriddara*.

Elsta varðveitta sænska handritið af *Flóres sögu og Blankiflúr* er tvíblaða brot frá því um 1350 í Landsbókasafni Finnlands, og er mynd af handritinu birt í nýju finnsku útgáfunni. *Evfemíuljóðin* eru varðveitt í heild í um tuttugu handritum frá 15. og 16. öld.

Í eftirmála Lönnroths kemur fram að Evfemía drottning hafi látið þýða sögurnar á árunum 1303, 1308 og 1312, „aff valske“ eða „aff thydzko och j swænskæ thungo“, þ.e. úr vallónsku (frönsku) eða þýsku. Þýðandinn er óþekktur en einkenni á málfari hans gefa til kynna vestursænskan uppruna. Því hefur verið haldið fram að hér hafi verið að verki klerkurinn Peter Algotsson, menntaður sem erindreki í París með tengsl við hirðina í Osló. Það er því athyglisvert að elsti fornsænski sagnabálkurinn skuli vera upprunninn í Noregi.

Evfemía hertogaynja af Rügen kom til Oslóar árið 1299 og giftist Hákonu V. Magnússyni konungi og varð þar með drottning Noregs. Á þessum tíma var konungshöllin í Osló miðstöð norrænnar hirðmenningar, en miðpunktur hennar var einmitt Evfemía drottning. Með alþjóðlegum bakgrunni hafði hún áhrif á bæði norska og sænska menningu á 14. öld og Lönnroth segir hana hafa verið öflugan listfrömuð. Árið 1302 var Ingibjörg, einkadóttir konungshjónanna, trúlofuð Eiríki Magnússyni hertoga, hetju *Erikskrönikan*. Brúðkaupið átti að fara fram árið 1307 en því var frestað til 1312. Í tilefni af trúlofun dóttur sinnar og giftingu lét Evfemía þýða sögurnar þrjár sem gjöf til verðandi tengdasonar síns yfir á hans eigin tungumál.

Í fróðlegum inngangi leggur Lönnroth áherslu á mikilvægi merkingarlegra tilfærslna og stílrænna breytinga í tungumálinu – ekki aðeins milli miðalda og nútíma, heldur einnig á milli hinna ýmsu áfanga í tilurð og miðlun frumtextanna. Enn fremur bendir hann á þróun í aðferðafræði þýðinga og hvernig staðið var að þeim í verki. Fornsænski þýðandinn tók ákvarðanir sem eru augljóslega ekki réttar frá sjónarhóli nútímans. Bæði á miðöldum og jafnvel síðar voru mörkin milli þýðinga í þrengri nútímaskilningi og frjálsari aðlögunar á reiki. Skrásetjarar *Evfemíuljóðanna* fara því nokkuð frjálstlega með textann og gera ekki mikinn greinarmun á nákvæmri þýðingu og eigin skáldskap.

Á miðöldum var eyrað jafn mikilvægt og augað þegar bókmenntum var miðlað; læsi var ekki almennt og því var allvinsælt að hlusta á upplestur. Ljóðin um Evfemíu voru lesin upp, hugsanlega við undirleik hörpu, lútu eða annarra hljóðfæra, sem hafði áhrif á stíl, hrynjandi og framsetningu: Sögumaður gegnir hlutverki trúbáðs eða söngvara sem kappkostar að þóknast áheyrendum með því að spyrja: „Viljið þið heyra meira?“ „Á ég að segja frá fleiri furðulegum atburðum?“ Svipaðar spurningar eru lagðar fram í ballöðum og eddukvæðum, eins og í *Völuspá*: „Vituð ér enn, eða hvað?“ Lönnroth hefur leitast við að varðveita slík sérkenni, meðal annars í þýðingum á samræðum. Með sama markmið að leiðarljósi hefur hann gefið textanum sögulega áferð með áherslu á vægi fornaldarlegs orðaforða sem einkennist af riddaralegri reisn.

Lönnroth útskýrir þýðingaraðferð sína enn frekar. Með prósaþýðingu sagna í bundnu máli hefur hann stefnt að því að gera helstu verk norrænna Arthúrsbókmennta aðgengileg á nútímafinnsku með texta sem endurspeglar tímaskeið frumsmíðanna með vísindalega fullnægjandi hætti, en um leið að gera hann auðskiljanlegan fyrir nútímalesendur. Til að auðvelda bæði lesturinn og möguleikann á samanburði á þýðingunni og frumtextanum hefur hann, í samræmi við nýlegar sænskar útgáfur, bætt við millifyrirsögnum með vísunúmerum frumsmíðanna. Lönnroth viðurkennir að oft hafi reynst torvelt að yfirfæra endurtekningasamt og torrætt mál miðalda yfir á lipran og skiljanlegan finnskan prósa án þess að breyta anda og bókstaf frumtextanna. Frekari örðugleikar eru m.a. að margþættur langtímaflutningur textanna á milli tungumála hefur oftár en ekki orðið á kostnað rökræns samhengis þeirra, sem hefur leitt af sér sundurlausan söguþráð. Þriðja áskorunin er ríkjandi latnesk setningaskipan, sem stundum krefst ummyndunar til að samhengi verði í textanum. Nauðsynlegt var einnig að samhfæfa tíðir (nútið eða þátíð), formlegt og óformlegt ávarp (*þér* eða *þú*), auk þess að sleppa fjölmörgum að því er virðist óþörfum staðar- og tímatilvísunum (*nú, þá, síðar, hér, þar* o.s.frv.) sem hamla frekar en stuðla að skilningi. Lönnroth hefur þó valið sannfærandi lausnir; þýðing hans er afreksverk með heppilegri sameiningu þægilegs lestrarefnis og tryggðar við frumsmíðarnar.

Evfemíuljóðin hafa lengi heillað norræna fræðimenn. Fyrstu útgáfnar eru meðal elstu rita Sænska miðaldabókmenntafélagsins (Svenska fornskriftsällskapet) frá 1840, en þær eru fremur úreltar og standast ekki kröfur nútímatextarýni. Sama félag gaf út staðlaðar gerðir verksins sem Emil Olson og Erik Noreen gáfu út á þriðja og fjórða áratug liðinnar aldar. Lönnroth hefur byggt þýðingu sína á þessum útgáfum og á útgáfum Henriks Williams og Bo Ralphs frá árinu 2018.

Þýðingu Lönnroths fylgja hátt í tvö hundruð mál- og menningarsögulegar athugasemdir auk lista yfir mörg raunveruleg og skálduð mannanöfn og örnefni í sögunum. Í ítarlegri heimildaskrá eru tilgreindar mikilvægustu rannsóknir á *Evfemíuljóðunum*. Auk sænskra og danskra rita nefnir Lönnroth hina veglegu norsku útgáfu *Eufemia – Oslos middelalderdronning*, sem Bjørn Bandlien ritstýrði og gefin var út í tilefni af 700 ára dánarafmæli drottningarinnar árið 2012. Fyrir utan miðaldaþýðingar á *Evfemíuljóðunum* bendir Lönnroth á nokkrar aðrar þýðingar úr seinni tíð, þar á meðal norska þýðingu Olaugar Berdal frá árunum 1985–1988. Jafnframt er fornorræna söguafbrigðið *Flóres saga ok Blankijlúr* til í norskri þýðingu Birgitar Nyborg frá árinu 2005.

Á meðan á vinnunni að *Eufemian laulut* stóð leitaði Lönnroth innblásturs með því að kynna sér miðaldaborg Oslóar, þar sem ein af götunum er kennd við Evfemíu drottningu. Hann hefur hlotið mikla viðurkenningu fyrir útgáfu sína í Finnlandi, ekki síst fyrir stíleiginleika þýðingarinnar. Flutningi á snúinni setningaskipan miðalda yfir á létt og lipurt nútímamál án þess að skerða andrúmsloft og sérstöðu frumverksins er í finnskum ritdómum lýst sem vel heppnuðum. Sömuleiðis er lögð áhersla á að honum hafi tekist að varðveita afþreyingareinkenni frumtextans sem höfðar vel til lesenda og hlustenda bæði á fyrri og seinni tímum.

HEIMILDIR

Bandlien, Bjørn (ritstj.). *Eufemia – Oslos middelalderdronning*. Oslo: Dreyers Forlag, 2012.

Lamberg, Marko. „Keskiajan kauniit ja rohkeat – ritariromantiikan suomennot valottaa aikasidonnaisia ja yliajallisia rakenteita“. *J@rgonia*. 44 (2024): 165–170. Historian ja etnologian laitoksen tutkijat ry & Jyväskylän Historiallinen Yhdistys ry. <http://urn.fi/URN:NBN:fi:ju-202412117745>

Niemi-Pynttari, Risto. „Eufemian laulut, suom. Harry Lönnroth.“ *Maailmankirjat: käännöskirjallisuuden verkkolehti*. <https://www.maailmankirjat.ma-pe.net/eufemian-laulut>

Eufemian laulut. Suomentanut Harry Lönnroth. 333 s.
Warelia Kustannus Oy. Sastamala 2023.
ISBN 978-952-387-049-9